

Hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar 2022

Auglýst er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar. Veitt eru verðlaun fyrir þróunar- og nýbreytnistarf einstaklinga, borgarstofnanna og fyrirtækja á sviði mannréttinda- og lýðræðismála fyrir verkefni sem þykja stuðla að auknu jafnræði, vinna gegn margþættri mismunun og leggja áherslu á jafna stöðu allra kynja.

Markmið hvatningarverðlaunanna er að hvetja til og vekja athygli á því öfluga starfi sem fer fram á sviði mannréttinda og lýðræðis í borginni.

Starfsmenn allra sviða Reykjavíkurborgar og samstarfsaðilar geta tilnefnt einstakling, starfsstað, hóp eða ákveðið verkefni. Tilnefna má þróunar- og nýbreytniverkefni sem ekki teljast hluti af daglegu starfi viðkomandi starfsstaðar. Litið er til verkefna sem miða að því að allir fái notið mannréttinda og hafi aðgengi að lýðræðissamfélaginu. Einnig má tilnefna einstakling fyrir farsælt starf á sviði mannréttinda- og lýðræðismála.

Horft er til þess að verkefnið sé hvatning til eftirbreytni og góðra verka bæði innan viðkomandi starfsstaðar og utan.

Verðlaun eru veitt fyrir 1 til 3 verkefni eða til einstaklinga og mun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð velja úr þeim sem fá tilnefningu.

Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og fer afhending fram á Mannréttindadegi Reykjavíkur 16. maí, ár hvert.

Tilnefningar skulu berast á netfangið mannrettindi@reykjavik.is fyrir 5. maí 2022.

Áður hafa hlotið hvatningarverðlaun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs:

- 2017 – Tjörnin Frístundamiðstöð (1)
- 2018 – Logi Sigurfinnsson forstöðumaður Sundhallar og Laugardalslaugar og verkefnið Móttaka nýrra íbúa, samstarfsaðilar eru Árbæjarskóli, Ársel og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts (2)
- 2019 – Réttindaráð Hagaskóla (1)
- 2020 – (3) Deild málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir: Vettvangs- og ráðgjafarteymi (VoR), Tæknilæsi fyrir fullorðna, félagsstarf fullorðinna: Rannveig Ernudóttir, Huginn Þór Jóhannsson og Francesco Barbaccia, Brúarsmiðir Miðju máls og Læsis: Magdalena E. Andrésdóttir, Kriselle Lou Souson Jónsdóttir og Salah Karim.
- 2021 - Hinsegin Félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar (1)